

L Ö G

56

11. júní

um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 115 19. nóv. 1936.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrsta málsg. 16. gr. laganna orðist svo:

Á 2. fundi sameinaðs Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:

- 1) fjárveitinganefnd, skipuð 9 mönnum,
- 2) utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum og 7 til vara,
- 3) allsherjarnefnd, skipuð 7 mönnum.

Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáráukalaga og þingsályktunartillögur, sem til hennar kann að verða vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði. Til utanríkismálanefndar skal vísað utanríkismálum. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávallt bera undir hana utanríkismál, sem fyrir koma milli þinga. Til allsherjarnefndar skal vísað öðrum málum, sem sameinað þing ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

57

11. júní

um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara til ársloka 1943 veitist herra Agli Árnasyni kaupmanni og herra Daníel Ólafssyni kaupmanni, báðum til heimilis í Reykjavík, einkaleyfi til þess að flytja út úr landinu og selja á erlendum markaði hrafntinnu, sem notuð er til þess að húða með steinbyggingar.